

Niðurstaða aðalfundar Regins hf

Aðalfundur Regins hf. var haldinn 08. apríl 2014 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, fundasalnum Rímu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundastjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Elín Jónsdóttir setti fundinn. Stungið var upp á Helga Jóhannessyni hrl. sem fundastjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins og skýrði svo frá að löglega væri til fundarins boðað. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn því lögmætan. Helgi Jóhannesson lagði til að Katrín Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Regins Atvinnuhúsnæði yrði kjörin fundaritari. Tillagan var samþykkt. Fundastjóri greindi frá því að til fundarins hefði verði boðað skv. 16. gr. samþykktu félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, heimasíðu Kauphallar og félagsins þann 11. mars 2014.

Mætt var á hluthafafundinn fyrir 55,95% hlutafjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Elín Jónsdóttir, flutti skýrslu stjórnar. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikninga félagsins vegna ársins 2013.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar samhljóða en þær voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur:

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2013 var samþykktur.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2013:

Stjórn Regins hf. leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2014, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu:

Fundurinn samþykkti fram lagða starfskjarastefnu fyrir félagið.

4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur ekki til breytingar á samþykktum félagsins.

5. Kosning félagsstjórnar:

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í aðalstjórn til næsta aðalfundar:

Benedikt K. Kristjánsson, sölu og þjónustufulltrúi	kt. 190952-4879
Bryndís Hrafnkelsdóttir, viðskiptafræðingur, Cand. Oecon.	kt. 070864-7899
Jón Steindór Valdimarsson, lögfræðingur	kt. 270658-6609

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, lögmaður hdl. og MBA. kt. 180577-4249
Tómas Kristjánsson, viðskiptafræðingur, Cand.Oecon/MBA kt. 151165-3389

Eftirtaldir voru kosnir í varastjórn:

Finnur Reyr Stefánsson, hagfræðingur og MBA kt. 141069-3659
Hjördís D. Vilhjálmsdóttir, hagfræðingur. kt. 100369-5839

7.Kosning endurskoðanda:

KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, var endurkjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins.

8.Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Eftirfarandi þóknun var samþykkt til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefndar stjórnar:

Stjórnarformaður: 500.000 kr á mánuði

Meðstjórnendur: 250.000 kr á mánuði

Varamenn: 125.000 kr fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó ekki hærra en 250.000kr fyrir hvern mánuð.

9. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum

Helgi S Gunnarsson og Benedikt K Kristjánsson tóku til máls og þökuðu fráfarandi stjórn fyrir gott samstarf.

Fundi slitið kl. 16.30

Fundarstjóri Helgi Jóhannesson hrl.

Fundarritari Katrín Sverrisdóttir framkv.stjóri Regins Atvinnuhúsnæði ehf.